

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps,
stækkun Búrfellsvirkjunar.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 4. maí 2015 breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 sem samþykkt var í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 4. mars 2015.

Í breytingunni felst að iðnaðarsvæði II er breytt að hluta í iðnaðarsvæði IIA fyrir stækkun Búrfellsvirkjunar í 410 MW. Einnig verða til efnistökusvæði E8 fyrir 150.000 m³ efnisnám og E9 fyrir allt að 30.000 m³ efnisnám.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 4. maí 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.